

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson

Þróunarfulltrúi grunnskóla

vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.oldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 18. TBL.

18. JANÚAR 2010

Um tugur námskeiða í skipulagningu fyrir vorönn

Um 10 ný námskeið eru í skipulagningu fyrir grunnskólana á vorönn 2010 og þrjú munu halda áfram frá haustönn. Verið er að leggja lokahönd á skipulagið og verða námskeiðin kynnt kennurum í næstu viku. Nýr námskeiðsbæklingur verður þá sendur til kennara í tölvupósti. Námskeiðin sem eru í skipulagningu eru flest ætluð verk- og listgreinakennurum þar sem minna varð af námskeiðum fyrir þá en til stóð á haustönn 2009.

Fyrstu námskeiðin hefjast þann 1. febrúar og verða kynningar á þeim sendar út strax eftir helgi til að auglýsa einstök námskeið. Stefnt er að því að hafa námskeið sem mest áfram á mánudögum kl. 15-17 þótt aðrir námskeiðsdagar henti

betur með einstaka námskeið. Námskeiðin sem eru í undirbúningi taka á sömu þemum í námskeiðahaldinu og voru á haustönn 2009 og miðaðist við styrki til þeirra þema sem Skólaskrifstofan fékk úthlutun til frá Endurmenntunarsjóði

grunnskóla fyrir þetta skólaár.

Námskeið fyrir grunnskólakennara á haustönn voru 19 auk námskeiða PMT og þau verða því kringum 30 í heildina á þessu skólaári.



Stefna og starfsskýrsla fræðslusviðs

Þriðja starfsskýrsla fræðslusviðs Hafnarfjarðar, **Að settu marki 2010**, er í lokavinnslu og verður tilbúin í lok mánaðarins. Hún hefur verið í vinnslu í desember en nú stendur yfir yfirlestur. Markmið skýrslunnar er að veita upplýsingar um starfseminna á fræðslusviði, aðallega í leik- og grunnskólum bæjarins eins og hún snýr að bænum í heild sinni. Skýrslan er sömuleiðis kynning á starfsemi Skólaskrifstofu sem sviðsskrifstofu fræðslusviðs í því að halda utan um málafni skólastiganna. Í skýrslunni verður þannig getið nýverkefna Skólaskrifstofu sem stefnt er að því að

vinna á árinu 2010 (starfsáætlun) og samantekt um framkvæmd verkefna ársins 2009 (ársskýrsla). Þá er aukin umfjöllun frá skýrslunni árið 2009 um viðfangsefni sem skilgreind eru sem mat á skólastarfi fyrir Hafnarfjörð. Mesta breytingin í skýrslunni fyrir árið 2010 verður þó nýr kafli þar sem tekið er saman yfirlit um þau meginverkefni sem unnin voru eða stýrt af Skólaskrifstofunni árið 2009 og einstaka starfsmönnum hennar. Tölusöfnun er þannig aukin sem miðlað er í skýrslunni.

Skýrslunni verður dreift rafrænt gegnum vef bæjarins um mánaðarmótin og það verður auglýst síðar í **Skólavefritinu**.



Skólaþróun





FRÉTTIR

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Félag um menntarannsóknir, FUM, heldur ráðstefnu um rannsóknir á sviði menntamála laugardaginn 27. febrúar 2010 í húsnæði Menntavísindasviðs undir þemanu menntarannsóknir og þróunarstarf á vettvangi. Þetta eru fyrirlestrar og málstofur sem standa yfir allan daginn. Aðalfyrirlesari verður Dr. Megan Crawford frá Kennaramenntunarstofnun Lundúnaháskóla.

» Frá **Námshagstofnun: Sproti 2 kennarabók** (stærðfræði) og verkefnablöð eru komin út og sömuleiðis **Oppgavebog 2** við dönsku-námsefnið EKKO. **Æsir á fljúgjandi ferð - Hefnd Loka** er þriðja og síðasta bókin í útgáfu um endursögn Snorra-Eddu sem komin er út. **Söngvasafn 1** er fyrri hluti söngvasafns fyrir yngsta stig grunnskóla. Um er að ræða endurskoðun og viðbætur við söngvasafn sem Námsgagnastofnun gaf út í þremur heftum frá 1981 til 1992. Bókin inniheldur 67 lög með nótnasettum laglínunum, bókstafshljómum og textum.

» **Leið til læsis** er ráðstefna Samtaka móðurmálskennara sem verður haldið laugardaginn 6. febrúar nk. í Bratta (HÍ í Stakkahlíð). Á ráðstefnunni verða flutt erindi og boðið verður upp á málstofur um læsi. Aðgangur er kr. 1.900. Skráning fer fram á netföngin liljam@vesturbajarskoli.is og saemundurhe@langholtsskoli.is.



Íslenska sem annað tungumál

Samstarfsfundur kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál. Arnbjörg Eiðsdóttir kynnið foreldranámskeið fyrir foreldra nemenda með íslensku sem annað tungumál. Fundurinn verður haldinn í Háteigsskóla (sal) v/Háteigsveg í Reykjavík, miðvikudaginn 20. janúar kl. 15 – 16. Tilgangurinn með fundinum er að þjálfá kennara í að sjá um fræðslu til foreldra nemenda með íslensku sem annað tungumál. Vinsamlegast hafðu samband við Huldu Karen Daniélsdóttur, kennsluráðgjafa til að skrá þig: (hulda.karen.danielsdottir@reykjavik.is).



Símenntun

Tilkynning vikunnar

Námskeið fyrir kennara í grunnskólum fara í kynningu í næstu viku. Námskeið sem verða haldin á vorönn hefjast þann 1. febrúar nk. og lýkur þeim í apríl. Einstök námskeið eru frá 2-10 klst. að lengd eftir atvikum.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 25. janúar 2010

Vefjölmiðlar - Miðjan.is

Þekktir vefmiðlar á Íslandi í dag eru t.d. Visir.is, Mbl.is, Pressan.is, Eyjan.is og dv.is og flytja þeir mest fréttir af ýmsu tagi, eru almennir fréttavefir. Aðrir vefir eru meira sérhæfðir, t.d. fotbolti.net sem er frábær íþróttavefur og kistan.is sem er fróðlegur bókmennta- og fræðavefur. Nýjasti vefjölmiðillinn er Miðjan.is og er afþreyingarvefur með

MIÐJAN

margvíslegu efni tengt bókmenntum, listum, tísku, heilsu, tækni og vísindum (með aðstoð Vísindavefsins). Hann ætti að vera viðbót í upplýsingaveitum á vefnum sem hægt er að nýta í skólastarfi í afmörkuðum þáttum í skólastarfi, sérstaklega þó menningar- og dægurmála-



Vefhornið

umfjöllun á hverjum tíma. Annars finnst mér óljóst á hvern hátt vefjölmiðlar eiga eftir að þróast. Einna augljósast er að þeir sem eiga helst eftir að lifa eru þeir sem fá nægar auglýsingatekjur og/eða eru tengdir annari útgáfu, t.d. dagblöðum og tímaritum. Hvort það er nægilega gott viðmið fyrir notkun í skólastarfi er svo annað mál.

VEFSLÓÐ: <http://midjan.is/>